

ÖLGERÐIN AF ÁBYRGÐ



Í ÞESSARI SKÝRSLU

Fyrirtækið

síða 7

Umhverfið

síða 21

Markaðurinn

síða 30

Samfélagið

síða 35



INNGANGUR

Samfélagið tekur örur breytingum og fyrirtæki þurfa að aðlaga sig að breyttum viðhorfum og neysluvenjum. Ölgerðin fagnaði nýlega 105 ára afmæli sínu og á þeim tíma hefur samfélagið tekið ótrúlegum breytingum. Yngra fólk er nú mun áhugasamara um umhverfisvernd en áður. Upplýsingaflæði vex stöðugt og samfélagsmiðlar skila upplýsingum hratt á milli fólks. Neytendur eru því upplýstari en áður sem hefur viðtæk áhrif á kauphegðum. Ölgerðin fagnar því enda viljum við öll samfélag sem tekst á við framtíðina af ábyrgð. Við hjá Ölgerðinni erum stolt af því að allt frá stofnun félagsins hafa stöðugar umbætur og nýtni verið hluti af starfseminni og verður áfram.

Gildin okkar jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni henta nútímamfélagi og eru leiðarljós okkar í áframhaldandi þróun. Allt sem við gerum, gerum við af ábyrgð gagnvart fyrirtækinu, markaðnum, umhverfinu og samfélaginu. Í hverjum flokki höfum við sett okkur krefjandi markmið og verkefni. Árlega eru þessi markmið síðan mæld og endurskoðuð í samhengi við þann árangur sem náðst hefur. Ölgerðin er hluti af Global Compact sáttmálanum og mun halda áfram að vinna að honum.

Þetta er fimmta skýrsla okkar um samfélagsábyrgð fyrirtækisins – við erum stolt af okkar vinnu.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar





2%
minnkun
Kolefnislosunar



30%
aukning í
fræðslustundum



Fjöldi fjarverustunda
vegna slysa fækkaði um
því sem nemur

21 vinnuvikum

VIÐ STÓÐUM OKKUR VEL ÁRIÐ 2017



335
umbótaverkefni
voru kláruð á árinu



Nægt eldsneyti sparað
milli ára til að keyra
215 sinnum
í kringum landið




Olía í
framleiðslu
minnkaði um **4%**




50%
aukning í vefverslun

ÞRÓUN VELTU


í milljónum




HLUTFÖLL Í REKSTRÍ



LYKILTÖLUR 2017




EBITDA




SKATTSPOR

í milljónum



HLUTFALL AF HEILDARVELTU



- Lífeyrir og stéttarfélag
- Staðgreiðsla
- Skilagjald
- Tryggingagjald
- Virðisaukaskattur
- Tollur
- Áfengisgjöld
- Vörugjöld
- Tekjuskattur

FYRIRTÆKIÐ

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til þess að sú sýn verði að veruleika þurfa að eiga sér stað stöðugar umbætur til að mæta þörfum stækkandi hóps viðskiptavina. Sífelld er leit að nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina hraðar og betur en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, neytendum, starfsfólki og eigendum.



STEFNA UM STJÓRNARHÆTTI

Stjórn ÖES starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á 5. útgáfu um stjórnarhætti fyrirtækja eftir leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi. Starfsreglurnar eru til að tryggja skilvirknina í starfsemi stjórnarinnar sem og að tryggja rétta meðferð mála innan félagsins.

Ölgerðin vinnur eftir siðareglum sem byggja á gildum fyrirtækisins og gilda þær fyrir alla starfsmenn, umboðsmenn og aðra sem koma fram fyrir hönd Ölgerðarinnar.

FRAMTÍÐARSÝN ÖLGERÐARINNAR


Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til að ná þeirri framtíðarsýn vinnur Ölgerðin eftir V.1 fyrirkomulagi í öllu fyrirtækinu. Markmiðið með V.1 vinnunni er að lágmarka og eyða sóun í fyrirtækinu og ná þannig fram meiri framleiðni. Stöðugar umbætur er grunnurinn að öllu sem er gert og er unnið daglega að umbótaverkefnum í öllu fyrirtækinu. Á síðasta ári voru unnin fleiri umbótaverkefni en árinu áður eða 335 talsins.

Til að takast á við stór verkefni í sameiningu eru vikulegir fundir haldnir þar sem hver eining innan fyrirtækisins hittist og setur sér markmið sem snýr að heildarmarkmiði fyrirtækisins fyrir ákveðið tímabil. Þannig getur allt fyrirtækið í heild sinni tekist á við stór verkefni í sameiningu.

V.1 húsið er sett upp til að sýna myndrænt hvaða aðgerðum eða leiðum Ölgerðin vill beita til að ná markmiðinu um að verða fyrsta val viðskiptavina og neytenda.

Þannig sýnir það hvernig stöðugar umbætur er grunnurinn að allri starfsemi. Áhersla er lögð á að skoða flæði í starfsemi með því markmiði að eyða óþarfa sóun. Til að koma í veg fyrir galla er unnið með stöðluð vinnubrögð. Þá er einnig unnið með sjónræna stjórnun með því markmiði að hafa yfirsýn og þróa starfsfólk.

Próun umbótaverkefna




STARFSÁNÆGJA

Helstu verðmæti Ölgerðarinnar felast í mannaúði fyrirtækisins. Hæft, vel þjálfað, reynslumikið og ánægt starfsfólk færir fyrirtækinu raunverulegt samkeppnisforskot og því er mikilvægt að starfsfólki líði vel. Ánægja starfsmanna er eitt af fjórum aðalmarkmiðum Ölgerðarinnar og er hún mæld reglulega. Fylgst er með þróun hennar og niðurstöður mælinga nýttar til úrbóta. Þær eru einnig birtar og kynntar starfsmönnum. Markmiðið er að starfsánægja mælist yfir 85% en því markmiði var ekki náð árið 2017.

Starfsánægja er gríðarlega mikilvægur þáttur í því að halda góðu starfsfólki

Starfsánægja



í vinnu hjá Ölgerðinni, þjálfað það upp og byggja þannig upp enn dýpri og verðmætari þekkingarbrunn. Með vel þjálfuðu starfsfólki getur fyrirtækið veitt framúrskarandi þjónustu.

Á síðasta ári var starfsmönnum auðveldað að taka starfsánægjukannanir með því að setja þær á Workplace.

Ölgerðin hefur stutt við kjarabaráttu og félagafrelsi starfsmanna frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1913. Ölgerðin vinnur eftir Global Compact viðmiðum en þar segir fyrir um afnám barna-, nauðungar- og þrælkunarvinnu. Slíkt á að sjálfsgöðu ekki að þekkjast. Ölgerðin gerir skriflegan ráðningarsamning við alla starfsmenn í upphafi þar sem tilgreind eru laun, kröfur og vinnutími.

Ölgerðin ræður aldrei börn undir 16 ára aldri til vinnu og velur sér birgja sem sjálfir tryggja þessi viðmið.

MANNAUÐSSTEFNA

Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Lykillinn að þeirri sýn felst í mannaúði fyrirtækisins þar sem jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni eru höfð að leiðarljósi.

Mannauðsstefna Ölgerðarinnar miðar að því að allar ákvarðanir sem teknar eru skapi forsendur til að framtíðarsýn fyrirtækisins verði að veruleika.

Markmið mannaúðsstefnunnar er að stuðla að starfsánægju meðal starfsfólks og að Ölgerðin hafi yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.

Gott og ánægt starfsfólk er grunnurinn að vel reknu fyrirtæki og eru því starfsmenn Ölgerðarinnar ein af helstu auðlindum fyrirtækisins. Mannauðsstefnan felur í sér að vera stefnumarkandi og styðjandi við gildi Ölgerðarinnar og stuðla þannig að samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Lögð er áhersla á að starfsfólk Ölgerðarinnar lifi gildi fyrirtækisins. Það er gert með öflugri mannauðsdeild sem stuðlar meðal annars að:

- faglegum vinnubrögðum við ráðningar og móttöku nýliða
- því að leggja áherslu á fræðslu og starfsþróun
- því að huga að öryggi, heilsu og aðbúnaði starfsmanna
- öflugri upplýsingaflæði
- stöðugum umbótum og framsækni
- faglegri ráðgjöf og stuðningi við stjórnendur
- því að framkvæma reglulega kannanir, greiningar og mælingar
- faglegri frammistöðustjórnun

Á þennan hátt sköpum við skemmtilegan vinnustað og sterka liðsheid sem nær markmiðum Ölgerðarinnar sem eru til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, samfélagið, starfsfólk og hluthafa.

HAGSMUNAAÐILAR

Við mat á samfélagsábyrgð er mikilvægt að skilgreina hlutverk lykilhagsmunaaðila fyrirtækisins. Hjá Ölgerðinni skiptast þeir í sjö hópa en þeir eru samstarfsaðilar, eigendur, viðskiptavinir, starfsmenn, stjórnvöld, neytendur, birgjar og þjónustuaðilar. Ölgerðin leggur sig fram við að upplýsa hagsmunaaðila um starfsemina og er það afar mikilvægt að veita öllum hagsmunaaðilum áheyrn og virkja þá til samvinnu. Á vefsíðu Ölgerðarinnar sem og samfélagsmiðlum eru upplýsingar birtar hagsmunaaðilum fyrirtækisins.

Þessir sjö hópar eru taldir sem lykilhagsmunaaðilar fyrirtækisins en að sjálfsögðu vinnur Ölgerðin einnig með hagsmunaaðilum á borð við háskólasamfélagið, samkeppnisáðilum og félagssamtökum til að hafa jákvæð áhrif á samfélagið.




NÚLLSLYSASTEFNA

Öryggi starfsmanna er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni. Með fyrirbyggjandi fræðslu, nýliðabjálfun, tækjakosti, aðbúnaði og verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys. Hjá Ölgerðinni er starfandi öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldi eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á svokölluðum næstum því slysum þar sem starfsmenn skrá tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.


Á síðasta ári var áhersla lögð á öryggisúttektir og að auka öryggisvitund starfsmanna. Þá var bæði framkvæmt öryggisúttekt og farið í öryggisgöngu vikulega.


Fjöldi vinnustunda frá vinnu vegna slysa hefur aldrei verið minni en árið 2017 en alls voru það 569 klukkustundir eða sex slys. Hvert slys er þó einu ofaukið og áfram er stefnt að markmiðinu um engin slys. Að ná og viðhalda núllslysastefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál og uppbygging öryggismenningar ávallt vera í brennidepli fyrirtækisins.

Fjöldi vinnustunda frá vinnu vegna slysa



Fækkun vinnuslysa





SAMSKIPTI

Mikilvægt er að allir starfsmenn séu vel upplýstir um rétt sinn, markmið og starfsemi Ölgerðarinnar. Þetta er lykilatriði í þeim góða árangri sem náðst hefur. Það er ekki síður mikilvægt að starfsmenn þekki rétt sinn og viti hvert þeir eigi að leita ef eitthvað kemur upp, hvort sem það er í starfi eða einkalífi. Unnið er markvisst að því að starfsmenn séu vel upplýstir þegar kemur að almennum fréttum, fréttum um Ölgerðina, nýjum vörum, viðburðum eða öðru sem viðkemur starfsmönnum fyrirtækisins með beinum eða óbeinum hætti.

Þann 3. mars 2017 innleiddi Ölgerðin Workplace en Workplace er samskiptamiðill fyrir vinnustaði. Workplace byggir á sömu eiginleikum og viðmóti og Facebook, enda er hugbúnaðurinn framleiddur af sama aðila. Workplace-lausnin er sérsniðin fyrir umhverfi fyrirtækja og stofnana.

Aðeins helmingur starfsmanna Ölgerðarinnar hefur stöðugt stafrænt aðgengi að upplýsingum og tölvupósti í starfi. Workplace var því tilvalinn samskiptamiðill til að koma upplýsingum á skilvirkan hátt til allra starfsmanna.

Workplace býður upp á sama notendaviðmót og Facebook sem gerir það að verkum að meirihluti starfsmanna þekkir viðmótið. Einnig auðveldar það notkun að hægt er að sækja app í síma sem gerir starfsmönnum kleift að fara inn á síðuna hvenær sem er.

Á fyrsta hálfu árinu frá því að Workplace var innleitt hafa um 90% starfsmanna skráð sig inn sem notanda. Með tilkomu Workplace eiga starfsmenn auðveldara með að leita að og deila upplýsingum. Valdefling fólks er því mikil og ávinningurinn skýr. Upplýsingaflæði til starfsmanna hefur aukist til muna ásamt aðgengi starfsmanna að upplýsingum.

Ölgerðin gefur einnig út JÁ fréttir þrisvar sinnum á ári. JÁ fréttir er fréttablað Ölgerðarinnar þar sem farið er yfir það helsta sem hefur verið að gerast á hverjum ársfjórðungi en birtar eru myndir og fréttir af viðburðum innan Ölgerðarinnar. JÁ fréttir eru birtar á Workplace og prentuð eintök sett á kaffistofur.

Hver deild innan fyrirtækisins hittist á stuttum 30 mínútna fundi í hverri viku og fer yfir markmið deildarinnar og greinir nýliðna viku ásamt því að skipuleggja umbótaverkefni. Þessir fundir kallast V.1 fundir og eru til þess að allir starfsmenn viti hvernig þeir standa gagnvart markmiðum Ölgerðarinnar hverju sinni og hafi allar upplýsingar sem þeir þurfa til að geta unnið starf sitt.

Á hverjum föstudegi eru haldnir upplýsingafundir sem um það bil 70 manns sitja. Fundurinn stendur yfir í 30 mínútur.

Árlega er haldinn vinnufundur sem allir starfsmenn sækja og kallast JÁ dagurinn.





JAFNRÉTTISSTEFNA

Það er stefna Ölgerðarinnar að alls staðar í fyrirtækinu sé fyllsta jafnréttisgætt óháð aldri, kyni, kyngervi, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni, litarhafti, trú eða stjórnmálaskoðun. Hver starfsmaður er metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum.

Ölgerðin ræður og hefur að skipa hæfasta starfsfólki hverju sinni. Mannauður fyrirtækisins er ein helsta auðlind þess og lykillinn að árangri og velgengi. Áhersla á starfsmannaval, jafnrétti, starfsumhverfi, upplýsingastreymi, frumkvæði, endurgjöf, trúnað, fræðslu og starfsþróun skapar skemmtilegan vinnustað sem endurspeglar gildi Ölgerðarinnar.

Markmiðið með jafnréttisstefnu Ölgerðarinnar er að koma í veg fyrir launamun af ómálefnalegum ástæðum og að vera eftirsóttur vinnustaður í huga allra. Unnið er að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Ölgerðin stuðlar að jafnrétti og fer eftir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Kynjaskipting



Unnið er eftir aðgerðaráætlun um framkvæmd jafnréttisstefnu sem gerð er til tveggja ára hverju sinni og er endurskoðuð árlega.

Stjórnendur Ölgerðarinnar gera sér grein fyrir því að fyrirtækið getur enn jafnað kynjahlutföll og vinnur að því að jafna þau innan deilda fyrirtækisins.

JAFNLAUNASTEFNA

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn launamun og stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Ölgerðin er með vottaða jafnlaunastefnu og hefur skuldbundið sig til þess að innleiða viðmið við ákvörðun launa sem tryggja að hver og einn fái greitt fyrir starf út frá verðmæti þess, óháð kyni. Með jöfnun launum er átt við að laun skuli ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla og að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðunar skuli ekki fela í sér launamismun. Flokkun starfa er gerð samkvæmt jafnlaunaviðmiðum. Viðmiðin eru notuð til grundvallar á verðmætaflokkun og eru sameiginleg öllum störfum í Ölgerðinni. Markmiðið er að samræma launakerfi Ölgerðarinnar við þá flokkun.

Jafnlaunastefna Ölgerðarinnar er ætlað að koma í veg fyrir launamun af ómálefnalegum ástæðum og tryggja að sömu verklagsreglur gildi um launaákvæðanir allra starfa innan fyrirtækisins. Með því að framfylgja jafnlaunastefnu tryggir Ölgerðin að lögum og kröfum sé framfylgt.



Ölgerðin er jafnlaunavottuð samkvæmt ÍST85:2012 staðlinum og tekur þátt í PWC launagreiningu ár hvert.

HEILSU- OG ÖRYGGISVIKA



HEILSUEFLANDI VINNUSTAÐUR

Starfsfólk er hvatt með margvíslegum hætti til heilsuefningar hjá Ölgerðinni. Starfsmönnum er boðið að nýta sér líkamsræktarstyrk til að niðurgreiða kostnað vegna líkamlegrar- eða andlegrar heilsu. Einnig er boðið upp á samgöngusamninga fyrir þá sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti. Fimmtíu manns nýttu sér samgöngusamning árið 2017.

Í mars mánuði var haldin heilsu- og öryggisvika en markmiðið er að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi. Vikan var samsett af fjölda viðburða, fyrirlestra, námskeiða, keppna og jóga. Eins var hollt matarræði í fyrirrúmi. Reynt er að hafa fyrirkomulag þannig að sem flestir starfsmenn nýti sér vikuna á einn eða annan hátt, í formi viðburða, heilsumatseðils eða annarrar þjónustu. Dagskráin er byggð upp svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.



WOW CYCLATHON

Þann 21. júní lögðu meðlimir Gatorade liðs Ölgerðarinnar af stað hringinn í kringum landið með tíu manna lið til að taka þátt í hjólreiðakeppni WOW. Liðið hjólaði samtals 1358km en keppnin er stærsta götu hjólreiðakeppni á Íslandi. Mikill undirbúningur átti sér stað hjá liðinu sem og öðrum fyrir keppnina. Vélstjórar Ölgerðarinnar smíðuðu hjólagrind á kerru fyrir liðið og Gatorade styrkti þátttöku. Liðið samanstóð af tíu keppendum sem starfa í framleiðslu, vöruhúsi og Mjöll Frigg.

HEILSUVERND

Ölgerðin er með samning við Heilsuvernd sem er viðurkenndur heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar. Þjónustuþættir Heilsuverndar fela í sér fjarveruskráningar og ráðgjöf til starfsmanna, þjónustu trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjónustu auk annarrar þjónustu.

Hlutverk Heilsuverndar er meðal annars að skrá veikindi og vera starfsmönnum innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála. Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvert skal leita innan heilbrigðiskerfisins en starfsmenn leita áfram til sinna heimilislækna eða annarra lækna vegna meðferðar.

Með skráningunni fæst heildaryfirlit yfir fjarvistir starfsmanna, deilda og fyrirtækisins með möguleikum um samanburð milli deilda og annarra fyrirtækja. Skráningin getur þannig nýst sem tæki til greiningar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum.

FRÆÐSLA OG ÞJÁLFUN

Starfsmenn Ölgerðarinnar eru dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Þeir sjá ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það þeirra dugnaður og áræðni sem sér til þess að viðskiptavinir Ölgerðarinnar hafa verslað vörur fyrirtækisins í yfir hundrað ár. Það er því mikið kappsatriði fyrir Ölgerðina að sjá til þess að starfsmönnum fyrirtækisins líði vel við störf sín og að þeir vaxi og dafni í takt við árangur Ölgerðarinnar.

Einn mikilvægasti þátturinn í þessari vinnu er að sjá til þess að starfsmenn njóti góðrar þjálfunar og að góður árangur í starfi skili sér í aukinni ábyrgð og

umbun innan fyrirtækisins. Ölgerðin leggur mikla áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri á að njóta framgangs í starfi og vinnur markvisst að því að þjálfa upp ábyrga og metnaðarfulla starfsmenn.

Ölgerðin gekk til samstarfs við Vöxt ráðgjöf um framkvæmd verkefnisins „Fræðslustjóri að láni“ og var skrifað undir samning í júní 2017. Tilgangur verkefnisins var að móta heildstæða fræðsluáætlun fyrir Ölgerðina á grundvelli greiningar á fræðsluþörfum innan fyrirtækisins.


Við þarfagreiningu fræðslu var stuðst við rýnihópa og fundi með stjórnendum. Alls fóru fram tíu rýnihópafundir. Átta fundanna voru sóttir af starfsfólki á Grjóthálsi, einn af starfsmönnum á Akureyri og einn af framkvæmdastjórum. Við val á þátttakendum var haft að leiðarljósi að allir starfshópar innan fyrirtækisins ættu sinn fulltrúa í ferlinu.

Eftir að búið var að funda með öllum rýnihópunum voru settar fram tillögur að fræðslu fyrir næstu tvö ár innan Ölgerðarinnar. Árið 2017 sátu 803 starfsmenn 50 námskeið sem voru haldin.

114 starfsmenn

útskrifuðust úr Ölgerðarskólanum

Fræðslustundir



ÖLGERÐARSKÓLINN


Allir nýir starfsmenn fara í gegnum Ölgerðarskólann. Í skólanum er farið yfir kynningu á fyrirtækinu og fyrir hvað við stöndum. Forstjóri og stjórnarformaður fara yfir sögu fyrirtækisins og rekstur og framkvæmdastjórar kynna sín svið. Frá árinu 2012 hafa 579 nemendur farið í gegnum skólann og á árinu 2017 útskrifuðust 114 nýir Ölgerðarstarfsmenn úr Ölgerðarskólanum.

STARFASKIPTI

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til að bæta þjónustu. Starfaskipti eru frábær leið til að kynnast samstarfsfélögum og til þess að þekkja störf hvors annars enn betur. Í starfaskiptum heimsækja starfsmenn aðrar deildir og eyða að minnsta kosti hálfum degi með starfsmönnum á öðrum vinnustöðvum og læra af þeim. Tveir mánuðir á ári eru tileinkaðir starfaskiptum en að sjálfsögðu geta starfsmenn farið í starfaskipti hvenær sem er. Þegar nýir starfsmenn hefja störf fara þeir oft í starfaskipti sem er góð leið til að læra fljótt á starfsemina og kynnast fólki.

Markmiðið fyrir árið 2017 voru 100 starfaskipti sem tókst ekki. Árið 2017 fóru 45 starfsmenn í starfaskipti en það eru mun fleiri en árið áður þar sem 20 manns fóru í starfaskipti.

Hér eru nokkrar skemmtilegar myndir frá starfaskiptum frá árinu 2017.



LÍÐSHEILD

Ölgerðin leggur mikla áherslu á að byggja upp líðsheid innan fyrirtækisins. Til að ná framtíðarsýn fyrirtækisins um að verða fyrsta val viðskiptavinarins, þarf fyrirtækið að vinna sem ein heild. Þannig er lögð áhersla á uppbyggileg og lausnamiðuð samskipti sem endurspeglu gildi fyrirtækisins.

Endurgjöf starfsmanna fer fram á margvíslegan hátt. Starfsánægjukönnun, frammistöðusamtöl og innri þjónustukannanir eru framkvæmdar og þar að auki stór starfsmannafundur haldinn tvisvar sinnum á ári. Þar að auki er opinn hrósþráður inn á Workplace. Eins er sett upp tafla fyrir framan mötuneytið nokkrum sinnum yfir árið en þar getur fólk sett fram nafnlausar spurningar eða ábendingar um það sem betur má fara. Forstjórinn svarar þeim spurningum.



Við lifum gildin okkar og þau marka hegðanir okkar og ákvarðanir.



JÁKVÆÐNI

Við erum jákvæð fyrir breytingum og finnst gaman í vinnunni

Við erum ein liðsheild og allir leggja sitt að mörkum til að ná markmiðum fyrirtækisins



HAGKVÆMNI

Við vinnum stöðugt að umbótum í ferlum og rekstri

Við leitum alltaf hagkvæmustu leiða í innkaupum, fjárfestingum og rekstri



ÁREIÐANLEIKI

Viðskiptavinir og samstarfsaðilar geta treyst okkur

Gæði vöru og þjónustu eru fyrsta flokks



FRAMSÆKNI

Við ætlum alltaf að vera feti framir í þjónustu, nýjungum og vöruúrvali

Við erum fljót að taka ákvarðanir og látum hlutina gerast

Við þorum að taka áhættur og gera mistök en lærum af þeim

JÁ DAGURINN

Árlega er haldinn vinnufundur sem allir starfsmenn Ölgerðarinnar sækja, svo kallaður JÁ dagurinn. Á JÁ deginum eru starfsmenn upplýstir um rekstur og stöðu fyrirtækisins og farið er yfir nýjungar, stefnur og strauma.

Samkeppnisforskot Ölgerðarinnar felst í þekkingu og mannaúði og er hluti JÁ dagsins notaður í teymisvinnu þar sem starfsmenn vinna saman við að leita leiða til umbóta.



MARKMIÐ 2018

- 1 Núllslysastefna
- 2 Starfsánægja yfir 85%
- 3 Innleiða rafræna fræðslu í fyrirtækinu til að auka skilvirkni
- 4 Innleiða stefnu um einelti, kynbundið áreitni og kynferðislega áreitni
- 5 Setja af stað frammistöðustjórnun
- 6 Greina þekkingarstig fyrirtækisins
- 7 Uppfylling nýrra laga um persónuvernd
- 8 Innleiða Global Grating

MARKAÐURINN

Ölgerðin framleiðir og selur mikið af vörum bæði á Íslandi sem og erlendis. Fyrst og fremst skiptir máli að Ölgerðin framleiði framúrskarandi vörur sem standast væntingar neytenda hverju sinni. Því er hugsunin um gæði samofin öllu starfi fyrirtækisins, sem starfar eftir vottuðu gæðakerfi. Allir birgjar Ölgerðarinnar fara í gegnum birgjamat til að tryggja að þeir standist kröfur Ölgerðarinnar um gæði og samfélagsábyrgð. Að sama skapi er mikilvægt að Ölgerðin geti boðið neytendum sínum upp á vörur sem stuðla að bættu umhverfi og samfélagi.

Samskipti við markaðinn er stór hluti af starfsemi fyrirtækisins og því er nauðsynlegt að þar séu viðhöfð ábyrg vinnubrögð. Ölgerðin vill starfa með virkum og ábyrgum neytendum og tekur tillit til allra athugasemda sem fyrirtækinu berast til að bæta starfsemi sína. Fyrirtækið vill hvetja neytendur, samstarfsaðila og samkeppnisaðila til aukinnar samfélagslegrar ábyrgðar, meðal annars með því að taka saman árangur sinn í málaflokknum og birta skýrslu um stöðu mála og framvindu verkefna honum tengdum.

Hluti af vörum Ölgerðarinnar geta haft neikvæð áhrif á heilsu fólks sé þeim neytt í óhöfi. Því setur fyrirtækið ströng skilyrði um að vörur skuli vera merktar með skýrum innihaldslýsingum ásamt því að neytendur séu upplýstir um áhættuna sem mögulega fylgir ákveðnum vörum. Árið 2017 var markmið að koma innihaldsupplýsingum og næringargildum söluvara inn á vefverslun Ölgerðarinnar. Sú vegferð er hafin og var bætt úr upplýsingum söluvara í vefverslun. Markmið fyrir 2018 er að auka upplýsingar um innihald og næringargildi söluvara í vefverslun í samstarfi við sameiginlegar gagnalaugar sem birgjar okkar nýta sér.



VERÐLAUN

Ölgerðin var valin dreifingaraðili ársins hjá Weetabix

Surtur Nr. 8.2 frá Borg Brugghús var valinn
World's Best Wood Aged Beer á *World Beer Awards* í Bretlandi

Ölgerðin var valin dreifingaraðili ársins í flokknum *Reserve* hjá Diageo


ÞJÓNUSTAN EYKST Í VEFVERSLUN

Vinsældir vefverslunarinnar eru sífellt að aukast. Viðskiptavinir afgreiða sig sjálfir og afla sér upplýsinga þegar þeim hentar.

Til að takast á við auknar vinsældir er leitað leiða til að geta þjónustað viðskiptavinum enn frekar gegnum vefinn. Því fá viðskiptavinir annars vegar tilkynningar þegar vara kemur aftur í birgðir og hins vegar býðst þeim að hafa samband við Ölgerðina í gegnum svokallað netspjall.

Vefverslun Ölgerðarinnar hefur verið hluti af umbótaverkefnum söludeilda en sparnaðurinn snýr fyrst og fremst að því að minnka tímasóun. Sá tími sem fór í að taka pantanir fer í að sinna viðskiptavinum og hans þörfum enn frekar.

Fjöldi viðskiptavina



VERÐLAUN FRÁ DIAGEO FYRIR FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR

Stærsti áfengissali í heimi og samstarfsaðili okkar, Diageo, hélt árlega ráðstefnu í Bratislava í Slóvakíu í september 2017. Þá tóku um 200 manns frá 56 löndum þátt.

Verðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi árangur. Ölgerðin fékk verðlaun í flokknum Excellence in Reserve. Reserve tegundir Diageo eru dýrari tegundir áfengis og má þar nefna Don Julio, Tanqueray 10 og einmöltunga (Single Malt) viskí. Eitt af lykilmarkmiðum Diageo er sjá þessi vörumerki vaxa og er því viðurkenningin afar mikilvæg.

Slíkum árangur næst aðeins með sterkri líðsheild. Sölu- og markaðsdeild hafa tekið verkefninu föstum tókum og skilað góðum árangri.

ÖLGERÐIN DREIFINGARAÐILI ÁRSINS HJÁ WEETABIX

Ölgerðin var valin dreifingaraðili ársins 2017 á árlegri ráðstefnu Weetabix sem haldin var í nóvember en fyrirtæki frá 50 löndum komu einnig til greina.

SURTUR NR. 8.2 VALINN BESTI TUNNUÞROSKAÐI BJÓR HEIMS

Ein virtasta bjórkeppni heims *World Beer Awards* er haldin í Bretlandi árlega. Dómnefnd keppinnar leggur mat á þúsund bjóra ár hvert frá öllum helstu bjórlöndum heimsins. Í flokki tunnuþroskaðra bjóra sigraði þorrabjórinn Surtur Nr. 8.2 frá Borg Brugghúsi. Hlaut hann að launum nafnbótina Heimsins besti tunnuþroskaði bjór 2017 (*World's Best Wood Aged Beer 2017*). Surtur Nr. 8.2 er 14,5% bjór í stílnum Imperial Stout en hann hefur verið þroskaður í sex mánuði í notuðum Bourbon-tunnum. Er þetta í fyrsta sinn sem íslenskur bjór hlýtur verðlaun í þessum flokki. Flokkurinn hefur að geyma marga af eftirsóttustu bjórum heims og má því segja að árangurinn sé einstakur.

Tunnuþroskun Borgar Brugghúss hefur vakið mikla athygli undanfarin á, en brugghúsið reið á vaðið með Surti Nr. 8.1 árið 2013 sem þá var fyrsti tunnuþroskaði bjórinn sem bruggaður hafði verið hérlendis. Síðan þá hafa um tíutunnuþroskaðir bjórar komið frá brugghúsinu og seljast þeir alla jafna upp á met tíma.



NÝTT ÞJÓNUSTUFYRIRKOMULAG

Framtíðarsýn Ölgerðarinnar er að vera fyrsta val viðskiptavina. Með það að leiðarljósi var stórt hagræðingarverkefni sett í gang sem snérist um að endurskilgreina þjónustufyrirkomulag Ölgerðarinnar. Lögð var áhersla á að veita betri þjónustu og ná fram hagræðingu með betra skipulagi. Nýtt þjónustufyrirkomulag fólst í því að í samvinnu við viðskiptavininn voru afhendingarþarfir skilgreindar og samkomulag um fasta afhendingardaga komið á í lok ársins 2017.

Með þessum breytingum viljum við auka afhendingaröryggi og tryggja að samstarf við viðskiptavini verði áfram fyrsta flokks.

Með nýju þjónustufyrirkomulagi var verið að vinna að tveimur meginmarkmiðum:


1. Að þjónusta viðskiptavini af meira öryggi og með meiri fyrirsjáanleika
2. Að minnka sóun í starfsemi Ölgerðarinnar og takmarka umhverfisáhrif



GÆÐASTEFNA

Ölgerðin hefur sett sér gæðastefnu og vinnur eftir gæðakerfi sem er vottað samkvæmt ISO 9001 og 22000 staðlunum. Markmið stefnunnar er að tryggja að starfsemi Ölgerðarinnar sé í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins en gæði eru einn mikilvægasti hluti starfsemi okkar. Hugsunin um gæði þarf því að vera samofin öllum aðgerðum fyrirtækisins og ávallt þarf að hafa hag og þarfir neytenda Ölgerðarinnar í huga.

Gæðakerfi Ölgerðarinnar



Gæðastefna Ölgerðarinnar er að:

- Vörur okkar séu ávallt fyrsta flokks og gæðum ekki fórnað
- Vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktu aðferðir á hverjum tíma
- Heildarupplifun viðskiptavina af samskiptum okkar fari fram úr væntingum þeirra
- Starfsemi okkar sé í samræmi við lög og reglugerðir og að við uppfyllum þær kröfur sem gerðar eru til okkar af viðskiptavinum og hagsmunaðilum
- Alltaf sé leitað leiða til umbóta, því við lærum af mistökum og hugsum því án takmarkana

BIRGJAMAT

Birgjamat er eitt helsta vopn Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum og hafa jákvæð áhrif á málefni tengd samfélagsábyrgð og umhverfismálum. Þar sem innkaup eru mikilvægur þáttur í starfsemi Ölgerðarinnar þá fara birgjar í gegnum sérstakt stöðumat. Staðlaður spurningalisti er sendur á birgjann og framkvæmdastjóri þeirrar deildar sem vill stofna til viðskipta fer yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar. Þannig er hægt að meta það hvort að birgjar uppfylli kröfur Ölgerðarinnar um gæði sem og samfélagsábyrgð.

Birgjamatið hjálpar Ölgerðinni ekki aðeins til að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum heldur er það einnig gott tæki til þess að ýta undir vitundarvakningu um málefni samfélagsábyrgðar hjá þeim sem fyrirtækið verslar við.

INNKALLANIR Á SÖFUM

Árið 2017 voru innkallaðir safar í plastflöskum þar sem komið höfðu upp tilfelli þar sem tappar fóru af með þeim krafti að skaði hlaust af. Það var okkur mikið áfall en samhent átak og kraftur Ölgerðarstarfsmanna gerði það að verkum að það tókst að tæma markaðinn á undra skömmum tíma. Eftir innköllunina hefur allt sem tengist safaframleiðslunni verið til skoðunar eins og til dæmis umbúðir, miðar, framleiðsluferlið, tækin og verklagið. Ferlar hafa verið endurskoðaðir, húsnæði hefur verið breytt, merkingar vörunnar hafa verið uppfærðar og nýir tappar settir á flöskurnar. Einnig hefur gæðaeftirlit verið aukið.

Gæði eru ávallt í fyrsta sæti hjá Ölgerðinni og er markmið fyrirtækisins að þurfa aldrei að innkalla þær vörur sem settar eru á markaðinn. Á síðasta ári var farið í 20 innkallanir og er markmið fyrir næsta ár að fækka þeim.

BIRGJASAMÞYKKTIR


Birgjamat er eitt helsta vopn Ölgerðarinnar til þess að sporna við mannréttindabrotum. Birgjamat hefur einnig jákvæð áhrif á málefni sem tengjast samfélagsábyrgð og umhverfismálum. Í birgjamati fara birgjar í gegnum sérstakt stöðumat en þeir fylla út staðlaðan spurningalista. Framkvæmdastjóri þeirrar deildar sem vill stofna til viðskipta fer yfir svörin ásamt gæðastjóra Ölgerðarinnar. Í framhaldi er metið hvort birgjar uppfylli kröfur Ölgerðarinnar um gæði og samfélagsábyrgð. Birgjamat eykur annars vegar yfirsýn gæðamála í innkaupum og hins vegar er birgjamat öflugt tól til að ýta undir vitundarvakningu ýmissa málefna sem snúa að samfélagsábyrgð birgjans.

ÞRÓUN NEYSLUSKAMMTA OG SYKURLAUSRA DRYKKJA

Ölgerðin er leiðandi í sölu á gosdrykkjum á Íslandi. Gosdrykkir hafa lengi verið í umræðunni vegna sykurinnihalds. Sykraðir gosdrykkir innihalda vissulega töluverðan sykur og því eru neysluskammtar í stöðugri þróun og aukin áhersla lögð á að minnka þær einingar. Neyslu þessara vörutegunda þarf að vera stillt í hóf. Gott framboð af minni einingum minnkar líkur á óhóflegri neyslu. Framboð af sykurminni valkostum hefur aukist og má þá nefna AVA sem kom út á síðasta ári. Þá hefur uppskriftinni af 7up verið breytt á þann hátt að hún inniheldur minni sykur en áður.

Neysla sykraða gosdrykkja hefur minnkað mikið. Neytendur velja í auknum mæli sykurlausu eða sykurminni valkosti. Ölgerðin hefur lengi verið leiðandi í sölu á

Hlutfall sykraðra og sykurlausra gosdrykkja



sykurlausum gosdrykkjum. Árið 2012 voru 59% af seldum lítrum hjá Ölgerðinni sykraðir drykkir. Árið 2015 voru helmingur seldra lítra sykraðir drykkir en árið 2017 voru þeir um 40%. Neysla sykraðra drykkja fer minnkandi ár hvert.

Ölgerðin er brautryðjandi í þessum flokki og með ráðandi markaðsstöðu með vörumerkið Kristal. Kristall er stærsta vörumerki Ölgerðarinnar. Vörumerkið er í stöðugri þróun, þá bæði þakningar og innihald.

Kristall er tannvænn drykkur og inniheldur aðeins bragðefni í snefilmagni. Kristall er drykkur sem svarar óskum neytenda um hollari kolsýrða drykki.

ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA


Ánægja viðskiptavina skiptir Ölgerðina miklu máli. Mánaðarlega framkvæmir Gallup könnun sem mælir heildaránægju viðskiptavina sem er á bilinu 0-100. Meðaltal íslenskra fyrirtækja er 67,7 stig en árið 2017 var ánægja viðskiptavina Ölgerðarinnar 76,5 stig. Ölgerðin vill þó gera betur og er stefnan sett á að skora yfir 80 stig. Viðskiptavinurinn er ávallt í fyrsta sæti hjá Ölgerðinni.

>80%



Ánægja
viðskiptavina

Ánægja viðskiptavina



AVA ALDINVATN - NÝTT FRÁ NÁTTÚRUNNI

AVA er aldinvatn eða blanda af léttkolsýrðu vatni og ávaxtasafa. Bragð og sæta drykkjarins kemur því úr ávöxtum. Drykkurinn samanstendur af kolsýrðu vatni og 14% ávaxtasafa.

AVA er frískandi drykkur með léttu bragði og hentar vel sem hollari valkostur við gosdrykki eða bragðmeiri vatnsdrykki.

AVA er með tveimur bragðtegundum; sitrus og skógarberjum.



LAGERSALA TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR SÓUN

Ölgerðin stóð fyrir stórra lagersölu á vörum fyrirtækisins sem annars hefðu getað endað í förgun. Fjötutíu sjálboðaliðar fyrirtækisins lögðu sig alla fram til að gera daginn sem glæsilegastan en til sölu voru um 600 vörunúmer af ýmsu tagi.

Hátt í annað þúsund manns komu við í Ölgerðinni til að næla sér í vörur. Fólki var hleypt inn í hollum þar sem löng biðröð myndaðist utanhúss. Fólki var afar ánægð með framtakið og heillað af umhverfi Ölgerðarinnar.

Þær vörur sem ekki seldust á lagersölu voru gefnar til góðgerðarsamtaka



MARKMIÐ 2018

- 1 Auka vöruúrval hollari valkosta í drykkjavörum
- 2 Hlutfallslega varið meira fjármagni í markaðssetningu á hollari vörum
- 3 Fjölga viðskiptavinum í vefverslun og fjárfesta í vefverslun
- 4 Auka úrval hollra valmöguleika innfluttra matvara
- 5 Þjóða upp á umhverfisvænni einnota umbúðir



SAMFÉLAGIÐ

Ölgerðin er stór vinnustaður sem hefur starfað í meira en heila öld í sátt við íslenskt samfélag. Ölgerðin finnur til ábyrgðar gagnvart samfélaginu. Eins er fyrirtækið meðvitað um hreyfiaflið sem það hefur í krafti stærðar sinnar og langs starfsaldurs. Ölgerðin styður við bakið á fjölbreyttum verkefnum og félögum sem eiga það sameiginlegt að stuðla að betra samfélagi fyrir alla. Verkefni sem Ölgerðin styður við tengjast ýmist íþróttum, góðgerðarmálum, menningu og menntamálum og eru studd með fjárframlögum, vörum eða þátttöku starfsmanna.

Áfram verður lögð áhersla á að styðja við samfélagsverkefni sem miða að því að auka hreyfingu barna og ungmenna. Verður það gert með fjárveitingum og samstarfsverkefnum íþróttafélaga og æskulýðsstarfa.

STUÐNINGUR VIÐ ÍPRÓTTAFÉLÖG

Ölgerðin er öflugur styrktaraðili íþróttahreyfinga. Stærsta verkefni ársins 2017 var Pepsideildin en Ölgerðin hefur verið samstarfsaðili árum saman. Red Bull eitt af innfluttu vörumerkjum Ölgerðarinnar hefur stutt við jaðaríþróttastarf á Íslandi, má þar helst nefna Iceland Winter Games, Klaustursmótið í Motorcross og Enduro. Auk þess hefur Ölgerðin styrkt fjölmargt annað íþróttá- og æskulýðs- starf eins og sjá má í styrktartölunum á næstu bls.

Meðal félaga sem Ölgerðin hefur styrkt eru:

Fylkir - ÍBV - Leiknir Fáskrúðfirði - Skallagrímur - Höttur
Stjarnan - Fjölnir - Mjöllnir





Ölgerðin lagði

133
milljónir

í samfélagsverkefni 2017:

69.000.000

til íþróttá- & æskulýðsmála

40.000.000

til góðgerðarmála

24.000.000

til mennta- og menningarmála

SAMSTARF VIÐ MENNTASTOFNANIR

Ölgerðin er í góðu sambandi við menntastofnanir og tekur á móti nemendum víðsvegar af landinu. Fyrirtækið tekur á móti fjölda nemendum á hverju ári og kynnir starfsemina fyrir þeim.

Ölgerðin leggur einnig mikið upp úr góðu samstarfi við háskólana á Íslandi enda tengsl atvinnulífsins, menntunar og nýsköpunar mikilvæg allri samfélagslegri þróun.

GEFÐU TIL GÓÐS

Þann 14. desember 2017 tók starfsfólk Ölgerðarinnar sig saman og stóð í Smáralind og gaf Malt gegn frjálsum framlögum til styrktar Barnaspítala Hringingsins. Samtals söfnuðust 532.399 krónur sem afhentar voru Barnaspítala Hringingsins fyrir jólin.

Í verkfallinu mikla árið 1955 var undanþága veitt til framleiðslu á Egils Malti til að tryggja að spítalar og aðrar heilbrigðisstofnanir fengju Maltöl fyrir sjúklinga sína. Síðan þá hefur Ölgerðin reglulega stutt við Landspítalann og var Gefum til Góðs verkefnið ein útfærsla á því.



SAMFÉLAGSVERKEFNI

Ölgerðin er í samstarfi við Vinnumálastofnun, Proactive og Festu þar sem leitast er við að ráða fólk til Ölgerðarinnar sem hefur verið lengi á atvinnuleysissskrá og er við það að missa bótarétt sinn. Síðan verkefnið fór í gang hafa tugir einstaklinga hafið störf hjá fyrirtækinu sem þykir ánægjulegt að geta veitt atvinnulausum tækifæri sem þeir fá ekki annarsstaðar.

Önnur dæmi um verkefni sem Ölgerðin er stolt að taka þátt í eru til dæmis:

**SÁÁ - Landsbjörg - Ljósmeðrafélag Íslands - Múlalundur
Barnaspítali Hringsins - Hjálpastarf kirkjunnar
Landssamtök Hjartasjúklinga - O.fl.**

MARKMIÐ 2018

Ölgerðinni er afar umhugað um uppbyggingu bættis samfélags og vill vera virkur þátttakandi í þeirri vinnu. Ölgerðin hefur þá stefnu að það styrktarfé sem til umráða er sé nýtt markvisst til að efla íþróttir, æskulýðs- og góðgerðamála og menningu. Hluti af þessu starfi fer fram í gegnum styrki til menningar- og fræðslumála en stór hluti þess fer einnig fram í gegnum sjálfboðaliðastarf eða í formi gjafa á vörum fyrirtækisins.


Markmið Ölgerðarinnar í samfélagsmálum er fyrst og fremst að finna þá samlegð með samfélagi sínu sem getur aukið hagsæld til lengri tíma. Einu gildir hvort um er að ræða matargjafir, auglýsingastyrki, fjárveitingar eða tækifæri fyrir atvinnulausa svo lengi sem unnið er að langtíma verkefnum til hagsældar fyrir samfélagið í heild sinni.

UMHVERFIÐ

Umhverfið er einn af hagsmunaaðilum Ölgerðarinnar. Stefna fyrirtækisins er að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið og stefna sifellt að betri árangri í umhverfisvernd. Síðustu ár hefur Ölgerðin náð árangri í umhverfismálum. Árangurinn má rekja til endurnýjunar á bílaflothanum og fjölmargra umbótaverkefna sem hafa beint sjónum að umhverfisvernd.

Ölgerðin tekur þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Til að ná þessum markmiðum þarf að kortleggja, meta og mæla þá þætti sem starfsemi Ölgerðarinnar hefur áhrif á. Þannig er hægt að setja markmið og búa til aðgerðaáætlun til að ná árangri.

Stöðugt er unnið að því að starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi umhverfisverndar í starfi sínu. Þeir skulu flokka sorp og forðast sóun hráefna og umbúða. Einnig er reynt að ná betri árangri í umhverfisvernd með því að nota umhverfisvæn efni og draga úr notkun umbúða, orku og vatns í starfseminni.



LOFTSLAGSMARKMIÐ TIL 2030

Ölgerðin tekur þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkun kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Ölgerðin ætlar að leita allra leiða til að minnka mengun frá eigin starfsemi og leitast þannig við að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála.

Til að fylgja eftir stuðningi við markmið Íslendinga í umhverfismálum var yfirlýsing um loftslagsmál undirrituð þann 16. nóvember 2015 í Höfða. Ölgerðin ber virðingu fyrir umhverfi sínu og leitast við að lágmarka skaðsemi rekstrarins á náttúruna.


Þegar eru nokkur sjálfbær verkefni í gangi og má þar nefna að allt hrat sem fellur til við suðu á malti og bjór er notað sem svínafóður. Einnig er kolsýran, sem færir annars út í andrúmsloftið, nýtt í framleiðslu. Þá er varmi sem myndast við gerjun bjórs og malts notaður til að bræða snjó af bílaplani. Eins hefur verið lögð áhersla á að fækka eignum kílómetrum í vörudreifingu.

Markmið loftslagsverkefnisins er eftirfarandi:

1. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda
2. Minnka myndun úrgangs
3. Auka sjálfbærni í ferlum fyrirtækisins
4. Mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.



Losun gróðurhúsalofttegunda



UMFANG STARFSSEMINNAR

Við erum á þeirri vegferð að ná utan um áhrif starfsemi Ölgerðarinnar á umhverfið. Við nýtum okkur ráðgjöf frá Klöppum sem þjónusta mörg þeirra fyrirtækja sem skrifuðu undir lofstlagsmarkmiðin í Höfða.

Markmið fyrirtækisins er að ná niður vistspori þess en slíkt verður gert með markvissum aðgerðum í umhverfismálum. Til að geta gert það hefur farið vinna í að innleiða umhverfishugbúnað og þróa aðferðir til að mæla umhverfisáhrif vegna starfsemi fyrirtækisins. Aðferðafræðin sem fyrirtækið notar til að skilgreina eigin virðiskeðju og mengunarþætti byggir á Greenhouse Gas Protocol. Þetta er stöðluð aðferðafræði sem fyrirtæki hafa tileinkað sér með góðum árangri og er studd af vinnuhópi Festu.


Umfang vegna starfseminnar er skipt í þrennt líkt og myndin hér til hliðar sýnir. Þegar er búið að ná utan um umfang 1 og 2 sem er til dæmis rafmagnsnotkun og bifreiðar- og kolefnislosun vegna eigin húsnæðis og verksmiðju. Búið er að ná utan um hluta af umfangi 3 eða losun vegna úrgangs, flutnings og dreifingu vara. Klappir sjá um streymi gagna vegna kolefnislosunar til fyrirtækisins. Þau eru stöðugt að þróaast og ná utan um fleiri atriði og við fylgjum þeim að í þeirri þróun auk annarra fyrirtækja. Næsta skref Ölgerðarinnar í samstarfi við Klappir er að streyma gögnum frá flugfélögum. Á næsta ári mun Ölgerðin ná utan um kolefnislosun vegna ferða starfsmanna innanlands og erlendis. Annað sem er á dagskrá í samstarfi við Klappir er losun vegna leigubíla, ferða starfsmanna til og frá vinnu, flutninga aðkeypra vara, nákvæmari mæling á kolefnislosun úrgangs og fleira.

ÞRÓUN KOLEFNISLOSUNAR

Kolefnislosun frá Ölgerðinni minnkaði mikið frá árinu 2015-2016 eða um 33%. Þá lækkun má rekja til mikillar lækkunar í umfangi 2 vegna breytinga sem urðu á uppruna raforku á milli ára. Ölgerðin kaupir rafmagn frá Fallorku sem afskráði upprunaábyrgðir árið 2016 og seldi þar með 100% endurnýjanlega orku það ár. Árið 2015 afskráði Fallorka engar upprunaábyrgðir og þar með reiknast kolefnisspor rafmagns árið 2015 með hliðsjón af útreikningum Orkustofnunar um uppruna raforku það ár.


Þar sem minnkun frá árinu 2015 var nú þegar 33% og aðallega út af upprunaábyrgð raforku er markmiðið að minnka kolefnislosun Ölgerðarinnar frá 2016 til 2030 um 40%. Markmiðið frá fyrri skýrslu fyrir árið 2017 var að minnka kolefnislosun um 2% milli ára sem tókst. Eftir því sem hægt er að ná utan um fleiri þætti í umfangi kolefnislosunar Ölgerðarinnar munu þessir stuðlar breytast. Einnig getur kolefnislosunin breyst eftir því sem útreikningar verða nákvæmari. Þannig þarf að endurskoða markmið og aðgerðir frá ári til árs.

Kolefnislosun



Kolefnislosun


- Úrgangur
- Hitavatnsnotkun
- Raforkunotkun
- Oliuketill
- Eldsneytisnotkun




ELDSNEYTISNOTKUN

Heildar sormagn jókst um 9% milli ára. Hægt er að útskýra hluta af þessu með auknum umsvifum en hér getur fyrirtækið gert betur. Hlutfall flokkaðs sorps af heildarsorpi var 58%. Markmiðið er að gera betur og auka þetta hlutfall. Allt hrat sem fellur til við suðu á malti og byggi hjá Ölgerðinni er endurnýtt sem svínafóður. Ef það magn er tekið með í útreikningum á hlutfalli flokkaðs sorps af heildarsorpi þá er hlutfallið 78%.

Eldsneytisnotkun




Orka fyrir gufukatla



ORKUNOTKUN GUFUKATLA Í FRAMLEIÐSLU

Pungamiðja í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar eru gufukatlarnir. Þeir eru tveir talsins og gengur annar fyrir rafmagni og hinn fyrir olíu. Á síðasta ári voru gufukatlarnir keyrðir minna á olíu og meira á rafmagni miðað við árið áður. Á næsta ári verður iðntölva sett upp á gufukatla sem leiðir til þess að rafmagnsgufuketillinn verður settur í forgang og oliuketillinn verður því aðeins keyrður sem viðbót við rafmagnsketillinn. Óljóst hefur verið hvaða sveiflur í álagi rafmagnsketillinn ræður við og því hefur ekki verið hægt að keyra hann í forgangi. Þessi breyting hefur það að markmiði að draga úr kolefnislosun. Einnig mun Ölgerðin taka tillit til umhverfisáhrifa við endurnýjun á gufukötum í framtíðinni.

Raforkunotkun




RAFORKUNOTKUN

Raforkunotkun hefur aukist hjá Ölgerðinni milli ára og má skýra það út frá aukni raforku sem fer í annan gufuketillinn. Það er jákvæð þróun þar sem mun minni kolefnislosun er af raforku en olíu. Annar gufuketillinn er keyrður á olíu og hinn á rafmagni og því er eðlilegt að raforkunotkun aukist þegar rafmagnsgufuketillinn er keyrður meira en olíugufuketillinn.

NOTKUN Á HEITU VATNI

Heitavatnsnotkun minnkaði um 12% frá árinu áður. Heitavatnið er mest notað við þrif og til að bræða snjó af bílastæðum. Einnig er heitavatnið notað á ofna í húsinu.

Heitt vatn




ÚRGANGUR


Heildar úrgangur jókst um 27% milli ára. Um 40-50% af öllum úrgangi Ölgerðarinnar er hrat sem verður til við suðu á malti og bjór. Allt hrat frá Ölgerðinni er sótt af svínabönda og er notað sem svínafóður og því engin kolefnislosun sem verður vegna losun á hrati.

Aukningu milli ára má skýra að mestum hluta vegna tveggja stórra fargana á ósöluhæfum vörum. Eins og sjá má í umfangi sorplosunar eftir mánuðum voru tveir toppar í maí og september.

Próun úrgangs



Próun úrgangs eftir flokkum




Í maí voru nokkrar minni farganir og í september þurfti að farga miklu magni af Malti&Appelsíni og söfum. Förgun á vörum hefur viðtæk áhrif og þar á meðal á umhverfið. Farið var í að endurskoða ferla og verklag í kjölfarið.

Hlutfall flokkaðs sorps af heild minnkaði milli ára og var 72% 2017. Þetta er sorgleg þróun og verður farið í aðgerðir til að hækka þetta hlutfall. Hluta ástæðunnar má skýra með því að í stóru förguninum gátu sorþþjónustuaðilar ekki fargað á ábyrgan hátt, þar sem afkastageta var ekki næg. Eftir að það var ljóst var í sameiningu reynt að finna lausnir til að slíkt ætti sér ekki stað aftur. Í framhaldi var sett upp nýtt tæki hjá sorþþjónustuaðila.


Ölgerðin ásamt starfsmannafélaginu hófu verkefni sín á milli með því markmiði að auka flokkað sorp í mótuneyti fyrirtækisins. Komið var upp hvatakerfi þar sem starfsmenn mótuneytis gáfu einkunn eftir því hversu vel tókst til að flokka í hádeginu. Hverri einkunn fylgir mishá peningaupphæð sem starfsmannafélagið

fær og getur nýtt til skemmtana fyrir starfsmenn. Á starfsmannafundi var farið yfir hvernig ætti að flokka. Í framhaldi voru sérfræðingar í flokkun fengnir til að hjálpa starfsmönnum til að flokka rétt í einu hádeginu. Þetta verkefni hófst í lok árs 2017 og mun halda áfram á næsta ári.

Hlutfall flokkaðs sorps




Sorplosun



Ölgerðin rekur stórt vöruhús sem og framleiðslu þar sem mikið fellur til af bylgjupappa. Vinna hefur farið fram við að flokka þann pappa frá öðru sorpi til endurvinnslu og hefur flokkun aukist milli ára. Bylgjupappi er stærsti hluti flokkaðs úrgangs frá Ölgerðinni og því mikilvægt að hann rati á réttan stað.

Flokkadur bylgjupappi

- Flokuð tonn
- Aukning milli ára



HLUTFALL SELDRA VARA OG UMBÚÐA


Endurvinnslan sér um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis, greiðir út skilagjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu.

Þróun skilahlutfalls hjá endurvinnslunni hefur farið niður á við en skilahlutfallið árið 2017 var:

85,1% ál 82,3% plast 77,7% gler

Líklegt er að aukning ferðamanna hér á landi skýri hluta af þessari þróun þar sem þeir þekkja ekki skilakerfið sem er til staðar hér á Íslandi.


Skilahlutfall



HLUTFALL SELDRA VARA OG PAPPÍRSLAUS VIÐSKIPTI

Ölgerðin hefur pappírslaus viðskipti að leiðarljósi. Fyrirtækið tók upp prentlausn sem heitir Rent a Prent sem hefur leitt til þess dregið hefur verulega úr prentuðum pappír. Starfsmannamöppur eru í auknum mæli á rafrænu formi og er stefnan sú að þær verði pappírslausar. Eitt af umbótaverkefnum fjármálasviðs hefur verið að koma viðskiptavinum í pappírslaus viðskipti með þeim hætti að reikningar komi rafrænt í stað þess að koma á prenti. Fjármálasvið hefur einnig haft samband við birgja til að fá senda rafræna reikninga. Þessi vinna mun halda áfram á næstu árum.

Förgun alls



MARKMIÐ 2018

- 1 Minnka kolefnisspor frá Ölgerðinni um 3%
- 2 Auka flokkað sorp af heild upp í 75%
- 3 Taka inn losun vegna flugferða starfsmanna inn í umhverfisuppgjörið
- 4 Minnka pappamál í innri starfsemi fyrirtækisins
- 5 Birta ársfjórðungslega stöðu umhverfismála fyrir starfsmenn
- 6 Minnka olíu í starfsemi um 3%
- 7 Skoða möguleika á tvinn- og vetnisbílum
- 8 Setja af stað verkefni sem hefur það markmið að auka endurvinnsluhlutfall

HEIMSMARKMIÐIN

Leiðtogar ríkja heims samþykktu árið 2015 á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 17 markmið sem stefnt er að ná fyrir árið 2030. Ölgerðin tekur virkan þátt í að reyna að ná þessum markmiðum með eftirfarandi hætti:



- Birgjamat
- Boðið upp á vörur undir merkjum: Sanngjörn framleiðsla



- Samningur við birgja sem byggir á siðareglum Global Compact



- Heilsu- og öryggisvika haldin árlega
- Líkamsræktarstyrkir
- Samgöngusamningar
- Hjólað í vinnuna
- WOW cyclothon



- Samstarf við Háskóla Íslands Starfsnám



- Jafnlaunavottun PWC
- Jafnlauna-vottun ÍST 85:2012
- Stefna og áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni

6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTADA



- Loftslagsmarkmið
- Fylgst með vatnsnotkun

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



- Loftslagsmarkmið til 2030
- Rafrænar reikningar
- Global Compact

7 SJÁLFBÆR ORKA



- Allt hrat sem fellur til við suðu bjórs og malts er notað sem svínafóður
- Heitt vatn sem verður til úr ölsuðu er notað til að hita upp bílastæði

10 AUKINN JÖFNUÐUR



- Siðareglur og jafnréttisáætlun
- Jafnlaunavottun PWC
- Janlaunakerfi ÍST 85:2012
- Boðið upp á vörur undir merkjum: Sanngjörn framleiðsla

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



- Skattspor 48% af heildarveltu 2017
- Starfsánægja mæld 72% árið 2017

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



- Samgöngusamningur fyrir starfsfólk
- Sparperur (LED) valdar þegar skipt er um perur

12 ÁBYRG NEYSLA



- Ánægja hjá viðskiptavinum mæld
- Loftslagsmarkmið til 2030
- Minni skammtastærðir
- Hollari valkostir
- Upplýsingar um sjálfbærni

16 FRÍÐUR OG RÉTTLÆTI



- Siðareglur Ölgerðarinnar
- Global Compact

13 VERNDUN JARÐARINNAR



- Loftslagsmarkmið til 2030, 40% samdráttur kolefnisspors
- Vætnisbílaverkefni

15 LÍF Á LANDI



- Lífrænt ræktuð vín
- Markmið um minnkun kolefnislosunar

14 LÍF Í VATNI



- Foodgrade vörur í viðhaldi í framleiðslu

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



- Global Compact
- Loftslagsmarkmið

LOKAORÐ


Í þessari skýrslu hafa verið teknar saman tölur og staðreyndir um niðurstöður aðgerða sem varða samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar. Verkefni er snerta samfélagsábyrgð eru fyrirtækinu mikilvæg. Alltaf er leitast við að lágmarka notkun auðlinda, hvort sem það er með vinnuferlum, orkunýtingu, vatnsnotkun, meðferð úrgangs eða annarra auðlinda. Slíkt er til hagsbóta fyrir reksturinn, umhverfið og samfélagið.

Ölgerðin tekur þátt í verkefnum sem stuðla að betri samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Fyrirtækið er þátttakandi í Global Compact verkefni Sameinuðu þjóðanna er tekur fyrir umhverfismál, starfsmannamál, mannréttindi og spillingu. Þá tekur Ölgerðin þátt í því að ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum Íslands með ríkjum ESB og Noregi um 40% minnkum kolefnisspors á tímabilinu 1990-2030. Einnig styður Ölgerðin við heimsmarkmiðin í sínum aðgerðum.

Þessi skýrsla er hluti af samfélagsábyrgð Ölgerðarinnar þar sem farið er yfir árangur og markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi er farið í vinnu að aðgerðaráætlun og virkjun starfsmanna. Ölgerðin ætlar að leita allra leiða til að minnka mengun frá eigin starfsemi og leitast þannig við að vera til fyrirmyndar á sviði umhverfismála og samfélagsábyrgðar.



SKIPURIT ÖLGERÐARINNAR





2017